



Skóli Ísaks Jónssonar  
Sjálfsseignarstofnun

## Skólanámskrá SÍJ Spænska – 3. bekkur

Námsefninu er skipt niður í þemu og er ákveðinn orðaforði tekinn fyrir í hverju þema. Nemendur rifja upp það sem þeir hafa lært fram að þessu og auka enn frekar við þekkingu sína. Þau þemu sem tekin eru fyrir í 8 ára bekk eru eftirfarandi: Almennar setningar, að spyrja og svara um líðan, nafn og aldur, að lýsa tilfinningum og líðan, fræðsla um Día de los Muertos, að lýsa veðurfari og árstíðum, orðaforði yfir andlit og líkama, heiti á fatnaði, orðaforði yfir hús, herbergi og húsgögn. Nemendur vinna ýmis verkefni í tímum og kynnast tungumálinu í gegnum söngva, samtalsæfingar og leiki.

### Matsviðmið

#### Frásögn

Tekið þátt í samtalsæfingum í þörum eða litlum hópum.  
Öðlist færni í að nota lykilorðaforða í einföldum setningum.  
Borið orðin rétt fram og af öryggi.

#### Lesskilningur

Geta lesið þann grunnorðaforða sem æfður hefur verið.  
Tengt orðaforða við myndir.

#### Meningarlæsi

Talið upp nokkur þeirra landa þar sem tungumálið er talað og hvaða heimsálfum þau tilheyra.  
Öðlast þekkingu á helstu hátíðum í spænskumælandi löndum.  
Bent á líkindi orðaforða sem hann þekkir úr ensku og spænsku.  
Sungið einföld barnalög á tungumálinu.  
Þekkt þjóðfána Spánar og fleiri spænskumælandi landa.

#### Námshæfni

Metið hvort hann hafi leyst verkefni vel eða illa af hendi.  
Unnið verkefni sem einstaklingur, í þörum og hópum.  
Tengt nýjan orðaforða og umfjöllunarefni kennslustunda því sem hann þekkir úr sínu tungumáli og umhverfi.  
Notað ýmis hjálpargögn til að festa nýjan orðaforða í sessi

#### Ritun

Skrifað einfaldar setningar á tungumálinu.

**Samskipti**

Myndað lengri setningar í samtölum.

Spurt og svarað um liðan.

Notað lykilorðaförða í samskiptum við kennara og samnemendur.

**Virgni og samskipti**

Tekið virkan þátt í tímum og farið eftir fyrirmælum sem gefin eru.

Sýnt skólafélögum og starfsfólki virðingu, tillitssemi og kurteisi.

**Námsmat**

Nemendur fá umsögn á Mentor sem byggir á virgni og þátttöku í tímum. Við mat á hæfniviðmiðum er stuðst við virgni og þátttöku í tímum, verkefni sem nemendur hafa unnið og niðurstöður úr munnlegum og/eða skriflegum könnunum.